

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur um niðurfærslu verðtryggðra fasteignaveðlána.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist heildarupphæð þeirrar fjárhæðar sem varið verður til lækkunar verðtryggðra fasteignaveðlána einstaklinga milli höfuðstólslækkunar og frádráttarliða?*
2. *Hverjir eru frádráttarliðirnir og hver er skiptingin milli þeirra í upphæðum?*
3. *Hvert er heildarhlutfall beinnar höfuðstólslækkunar, þ.e. lækkunar höfuðstóls að undanskildum frádráttarliðum, af verðtryggðum fasteignaveðlánnum?*
4. *Hve mikið hafa verðtryggð lán hækkað frá árinu 2007?*
5. *Hve mikið hefði 20% skuldaniðurfærsla lækkað verðtryggð fasteignaveðlán heimilanna?*
6. *Hve mikið hefði 250 milljarða kr. skuldaniðurfærsla lækkað verðtryggð fasteignalán heimilanna?*
7. *Hver væri upphæð leiðréttingar ef hún miðaðist við að verðtryggð húsnæðislán væru færð niður um fjárhæð sem samsvarar verðbótum umfram 4,8% sem féllu til á tímabilinu desember 2007 til ágúst 2010?*
8. *Hver væri upphæð leiðréttingar ef hún miðaðist við að verðtryggð húsnæðislán væru færð niður um fjárhæð sem samsvarar verðbótum umfram 2,5% sem féllu til á tímabilinu desember 2007 til ágúst 2010?*
9. *Hversu margir umsækjendur um skuldaniðurfærslu fá enga beina höfuðstólslækkun?*
10. *Hversu margir framteljendur sem greiddu auðlegðarskatt fá niðurfærslu?*
11. *Hversu há upphæð rennur til þeirra framteljenda sem borga auðlegðarskatt?*
12. *Hvernig dreifist heildarupphæðin á tekjubil hvers tíunda hluta fyrir sig? Hver er fjöldi framteljenda á bak við hvert tekjubil?*
13. *Hve stór hluti heildarupphæðarinnar fer til fólks með tekjur yfir miðgildi tekna?*
14. *Hvernig dreifist heildarupphæðin eftir þeim landshlutum þar sem framteljendur eru búsettir?*
15. *Hve stór hluti heildarupphæðarinnar fer til framteljenda sem eru yfir meðalaldri?*

Ráðherra hyggst leggja fyrir Alþingi ítarlega skýrslu um niðurstöður höfuðstólslækkunar húsnæðislána þar sem m.a. verður fjallað um þau atriði sem spurt er um í þessari fyrirspurn. Skýrslan mun byggjast á stöðu úthlutunar eins og hún verður við lok samþykkisfrests á ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar en eins og er vantar of mikið upp á endanlegar niðurstöður til að skynsamlegt sé að draga nægilega marktækar ályktanir um þetta mál. Reiknað er með því að skýrslan verði tilbúin og kynnt á vorþingi.

